

Sp.

365. Tillaga til þingsályktunar

[211. mál]

um afnám og einföldun skattaframtala.

Flm.: Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á lögum í þeim tilgangi að gera skattframtöl einfaldari og jafnvel afnema þau í sinni núverandi mynd. Ef þörf krefur, verði byggt á upplýsingum, sem skattstofur og aðrir opinberir aðilar hafa undir höndum, svo sem launamiða, fasteignaskrár o. fl.

Jafnframt verði ákveðin hærri viðurlög eða þau ákveðin á annan veg en nú eru í gildandi löggjöf, misnoti framteljandi sér einföldun skattframtala.

Skulu tillögur þessar lagðar fyrir næsta þing og stefnt að gildistöku þeirra við álagningu árið 1975.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi fer að sjálfstöðu í sérstaka þingnefnd, sem getur kvatt sérfræðinga til viðtals og spurninga. Allar upplýsingar eiga því auðveldlega að geta legið fyrir, áður en að því kemur, að alþingismenn þurfi með atkvæðagreiðslu að taka afstöðu til tillögunnar. Auk þess er þetta aðeins forspil, en ég ætlast til þess, að fimm manna nefndin, sem þingið kýs, vinni að því milli þinga — og lengur jafnvel — að afla allra þeirra upplýsinga, sem þarf til þess að kveða á um, hvort slík tillaga á rétt á sér eða hvernig hún er framkvæmanleg.

Ég hef hugboð um það, að skattaframtölin geti að miklu leyti fallið niður. Nefndin fær nægan tíma og aðstöðu til þess að ganga úr skugga um, hvort þetta hugboð sé rétt. Ég álit, að sá mikli fjöldi, sem að verulegu leyti hefur óbreyttar aðstæður frá ári til árs, eigi ekki að þurfa að telja fram, ekki að standa í því að reikna út prósentur og aftur prósentur, hálfra aðra prósentu, tvær prósentur, þrjár prósentur af hundruðum króna, hundruðum þúsunda króna eða milljónum króna, eða að skrifa á framtalið tölur, sem óyggjandi eru í fórum skattstofunnar eða annarra opinberra aðila.

Ef veruleg breyting verður á aðstöðu skattþegns, þannig að tekjur hans breytast verulega og eignir breytast verulega, á hann að gera skattstofu grein fyrir því á sem einfaldastan hátt, sem nánar yrðu settar reglur um. Ef tekjur skattþegns aukast t. d. yfir visst mark, á hann að sinna þessu, ella ekki, og leggur þá skattstofan eða sá aðili, sem leggur skattinn á, skatt á miðað við sömu aðstæður og s. l. ár. Ef tekjur skattþegns eða aðstaða breytist verulega, þannig að tekjurnar minnki eða aðstaðan versni, á hann kost á því á einfaldan hátt að gera viðkomandi skattstofu grein fyrir því. Hún hefur hins vegar fulla aðstöðu til þess að sannreyna, hvort hér sé rétt með farið, og til þess svo að segja að útiloka misferli í þessum efnum á að hafa viðurlög eða sektir svo háar við því að hafa rangt við, að varla nokkur treysti sér til þess að taka á sig þá áhættu að reyna það.

Er þetta ekki einfalt? Jú, það er ofureinfalt, segja margir, en þetta er allt saman óframkvæmanlegt. Skattstofurnar þurfa að fá sínar margbrotnu skrár, skattþegninn að reikna aftur og aftur prósentur og brot úr prósentu, annars fer allt í hundana.

Ég er þeirrar skoðunar, að á þessu sé ekki hætta og að nefndinni, sem ætlað er að vinna verkið fyrir næsta þing, sé til þess trúandi að finna leiðir til úrlausnar, sem gera hinar aldagömlu og úreltu leiðir skattaframtala óþarfar. Skriffinnskan minnkar og það verður fögnuður á mörgum heimilum, og kostnaður hins opinbera lækkar gífurlega.